

**Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Suðurmúlasýslu um auka-
útsvarsskyldu prests.** **68**

15. ágúst

Hreppsnefnd Beruneshrepps í sýslu yðar, herra sýslumaður, hefir með brjefi, dags. 9. mars þ. á., skotið til stjórnarráðsins ágreiningi milli sín og Pjeturs Þorsteinssonar prests í Eydölum í Breiðdalshreppi útaf aukaútsvari, er hún lagði á nefndan síra Pjetur fyrir árið 1906, að upphæð 25 kr., sökum þess að hann það ár þjónaði Berufjarðarprestakalli auk síns eigin prestakalls; leit hreppsnefnd Beruneshrepps svo á, að hún hefði heimild að lögum til þess að leggja á síra Pjetur Þorsteinsson aukaútsvar af tekjum hans af Berufjarðarprestakalli, en útsvar þetta neitaði hann að borga, þar sem bresta mundi heimild til þess að leggja útsvar þetta á sig og hafi hann enda orðið að borga aukaútsvar af umgetnum tekjum í Breiðdalshreppi. Ágreiningi þessum skaut svo hreppsnefnd Beruneshrepps til yðar sem oddvita sýslunefndarinnar í Suðurmúlasýslu, en þjer visuðuð málinu frá sýslunefndinni, þar sem hjer væri að ræða um útsvarsskyldu, er heyri undir úrslit dómstólanna.

Það er rjett, að mál þetta heyrir undir dómstólana, en samkvæmt lögum nr. 12 frá 9. ág. 1889 sbr. lög nr. 1 frá 9. jan. 1880 og lög nr. 46 frá 13. nóv. 1903 telur stjórnarráðið engan vafa á, að síra Pjetur Þorsteinsson sje eigi skyldur til að greiða aukaútsvar í Beruneshreppi.

Þetta gefst yður hjer með til vitundar og leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefnd Beruneshrepps.

Auglýsing

69

25. júní

um

breyting á yfirsetukvennaskipun í Arnessýslu.

10. yfirsetukvennaumdæmi Arnessýslu (Hrunamannahreppur) skiftist í tvö umdæmi á þá leið, að bæirnir Hvitárholt, Syðra Sel og Efra Sel, Grafarhverfi og Hellisholt verða efstu bæirnir í neðri hluta hreppsins, sem sje eftirleiðis 10. yfirsetukvennaumdæmi sýslunnar, en bæirnir Bryðjuholt, Ás og Sólheimar neðstu bæirnir í efri hluta hreppsins, sem sje eftirleiðis 11. yfirsetukvennaumdæmi sýslunnar, en eftir þessu breyttist talan í þeim 8 umdæmum, sem þar á eftir koma.

Amtráð Suðuramtsins, Reykjavík 25. júní 1907.

J. Havsteen.